



Fundur háskólaráðs 15. júní 2004

Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 10.06.2004
Dags: 15.06.2004

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

10/2004

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, þriðjudaginn 15. júní var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Anna Soffía Hauksdóttir, Þórður Harðarson, Þorsteinn Loftsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Stefán Svavarsson, Hjalti Hugason, María Guðmundsdóttir, Matthías Páll Imsland og Davíð Gunnarsson.

1. Til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram fundargerð háskólafundar 21. maí sl.
- 1.2 Lögð fram gögn frá fundum rektors með menntamálaráðherra 1. og 11. júní 2004.

2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Erindi frá vísindanefnd háskólaráðs: Tillögur að breytingum á reglum um Rannsóknasjóð H.Í. og vinnureglum, dags. 11. júní 2004.
- Framlagðar tillögur að breytingum á reglum um Rannsóknasjóð H.Í. og vinnureglum samþykktar einróma.
- 2.2 Lögð fram umsögn stjórna Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands og Umhverfisstofnunar Háskóla Íslands um tillögu sem lögð var fram í háskólaráði varðandi sameiningu stofnananna, dags. 2. júní 2004, og yfirlit yfir helstu rannsóknar- og samstarfsverkefni Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfis-stofnunar, júní 2004. Einnig lagt fram minnisblað, dags. 10. júní 2004, um sameiningu Sjávarútvegsstofnunar og Umhverfisstofnunar.
- Samþykkt einróma að fela starfshópi að meta rekstur og starfsemi beggja stofnana og gera tillögu um framtíð þeirra sem telja meggi að sem víðtækust sátt geti náðst um innan Háskólans, sbr. minnisblað akademískrar stjórnarsýslu, dags. 15. júní 2004.
- 2.3 Lögð fram greinargerð heimspekideildar, dags. 4. júní 2004, um tillögu deildarinnar að breytingu á nafni hennar, sbr. fund ráðsins 29. janúar sl. Á deildarfundi heimspekideildar 25. apríl 2003 var svohljóðandi tillaga samþykkt: „Heimspekideild samþykkir að óska eftir því við háskólaráð að nafni deildarinnar verði breytt í hugvísindadeild.”
- Nafnbreyting heimspekideildar í hugvísindadeild samþykkt samhljóða.
- 2.4 Lögð fram drög að tillögu starfshóps háskólaráðs um fyrirkomulag og framkvæmd skriflegra prófa, sbr. fund ráðsins 29. janúar sl.
- Samþykkt einróma að senda framlögð drög að tillögu starfshóps háskólaráðs um fyrirkomulag og framkvæmd skriflegra prófa til umsagnar deilda.
- 2.5 Minnisblað akademískrar stjórnarsýslu um framkvæmd samþykktar háskólafundar 21. maí sl.

- Tillögur akademískrar stjórnsýslu um breytingar á reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000 í kjölfar samþykktar 13. háskólafundar um viðmið og gæði doktorsnáms samþykkt einróma. Einnig samþykkt einróma að óska eftir hugmyndum heimspekideildar um útfærslu stöðuprófa fyrir erlenda stúdenta sem kveðið er á um í málstefnu Háskóla Íslands sem samþykkt var á 13. háskólafundum.
- 2.6 Lögð fram erindi vegna aðhaldsaðgerða við skrásetningu til náms 2004 – 2005, ásamt minnisblaði akademískrar stjórnsýslu um framkvæmd aðhaldsaðgerða. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu gerði ítarlega grein fyrir málinu og var það rætt.
 - Háskólaráð gerir ekki athugasemd við verklagið sem lýst er á minnisblaðinu. Rektor falið að afgreiða álitamál sem upp kunna að koma.
- 2.7 Skipan tveggja fulltrúa í jafnréttisnefnd 2004 – 2006. Stúdentaráð Háskóla Íslands tilnefnir Sigrúnu Helgu Jóhannsdóttir í jafnréttisnefnd til næstu tveggja ára.
 - Samþykkt samhljóða að fela rektor að ganga frá skipun fulltrúa stúdenta í jafnréttisnefnd Háskólans.
- 2.8 Lagt fram erindi frá landbúnaðarráðuneytinu, dags. 9. júní 2004, þar sem óskað er eftir tilnefningu í háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands sem tekur til starfa 1. janúar 2005.
 - Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, kom inn á fundinn og gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
 - Samþykkt samhljóða að fela rektor að ganga frá málinu.
- 2.9 Lagt fram erindi frá Endurmenntun Háskóla Íslands, dags. 8. júní 2004, þar sem óskað er eftir stuðningi háskólaráðs við að framfylgja tilmælum Ríkis-endurskoðunar um fjárhagslega aðgreiningu í bókhaldi Endurmenntunar og Háskóla Íslands.
 - Frestað.
- 2.10 Rektor leggur til að Guðmundur R. Jónsson verði varamaður Ingjalds Hannibalssonar í fjármálanefnd.
 - Samþykkt einróma.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Viðræður rektors við menntamálaráðherra um framtíðarfjármögnun kennslu og rannsókna við Háskóla Íslands o.fl., sbr. síðasta fund.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir viðræðum sínum við menntamálaráðherra. Í viðræðunum hefur verið sérstaklega fjallað um ályktun háskólaráðs frá 25. mars sl., ósk Háskólans um að hætt verði að draga skrásetningargjaldið frá fjárveitingu til Háskólans og að það verði jafnframt hækkað, leiðréttingu á launastikunni, endurskoðun á reglum ráðuneytisins um fjárveitingar til kennslu, samkomulag um fámennar greinar, fjölgun nemenda og fjármögnun Háskólatorgs. Í máli rektors kom m.a. fram að viðræðurnar hafa gengið vel fram að þessu og verður þeim haldið áfram. Málið var rætt og svaraði rektor framkomnum athugasemdum og fyrirspurnum.
- 3.2 Starfs- og fjárhagsáætlun Háskólans 2004, sbr. síðasta fund.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun Háskólans 2004 ásamt bréfi nefndarinnar til háskólaráðs um starfs- og fjárhagsáætlun Háskóla Íslands 2004, dags. 15. júní 2004. Bréfið hljóðar svo: „Nauðsynlegt er að samþykkja starfs- og fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2004 sem fyrst. Í upphafi árs lagði fjármálanefnd mikla áherslu á að rekstrareiningar Háskólans gerðu áætlanir sem væru í jafnvægi. Raunvísindadeild skilaði áætlun með 17 m.kr. halla og ekki hefur tekist að minnka þann halla þótt leitað hafi verið leiða til þess.

Staða ýmissa rekstrareininga Háskólans í lok maí er ekki góð og verður nú leitað skýringa á því að áætlanir standist ekki og beðið um tillögur um það hvernig bregðast á við þannig að rekstur ársins verði í jafnvægi. Í lok maí virðist staða raunvísindadeildar ekki vera verri en staða sumra rekstrareininga sem skiluðu áætlun í jafnvægi í upphafi árs.

Fjármálanefnd mælir með því við háskólaráð að fyrirbyggjandi starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2004 verði samþykkt en að við endurskoðun áætlana nú um mitt ár verði gerð sama krafa til raunvísindadeildar og annarra rekstrareininga um að náð verði jafnvægi í rekstrinum á árinu.”

- Háskólaráð samþykkir einróma fyrirbyggjandi starfs- og fjárhagsáætlun ársins 2004, með þeirri breytingu að raunvísindadeild er eins og öðrum deildum gert að ná jafnvægi í rekstri á árinu.

3.3 Deiliskipulag háskólalóðar vestan Suðurgötu.

Ingjaldur Hannibalsson gerði ítarlega grein fyrir málinu og var það rætt.

- Framlögð tillaga að deiliskipulagi samþykkt einróma.

3.4 Fjárhagsáætlun fyrir árið 2005.

Ingjaldur Hannibalsson gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði til deildarforseta, framkvæmdastjóra og forstöðumanna frá fjármálanefnd háskólaráðs, 15. júlí 2004.

- Háskólaráð samþykkir einróma það vinnulag sem lýst er í minnisblaðinu.

3.5 Mat European University Association (EUA) á háskólum.

Rektor gerði grein fyrir stofnanamati á vegum Samtaka evrópskra háskóla (EUA).

- Samþykkt einróma að óska eftir því við EUA að samtökin framkvæmi stofnanamat á Háskóla Íslands.

3.6 Drög að bréfi til menntamálaráðherra vegna Háskólatorgs.

Rektor útlitaði efnisatriði bréfsins og voru þau rædd.

- Frestað.

Í lok fundar þakkaði rektor háskólaráði fyrir gott samstarf.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.45